

**Nd.**

**130. Frumvarp til laga**

**[126. mál]**

um breyting á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

3. málsgr. 2. gr. laga nr 35/1960 orðist svo:

Pað telst eigi heimili, þó maður dveljist í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Sama gildir um dvöl í sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð, og það jafnt þótt maður sé eigandi þess húsnæðis, sem hann dvelst í. Sama máli gegnir og um

dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu, svo sem vetrarvinnu, kaupamennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 33/1981.

### Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frv. fluttu á síðasta Alþingi frv. um breyt. á lögum um lögheimili, þess efnis, að í stað orðanna „elliheimili eða annarri slíkri stofnun“ í 2. gr. laganna komi: „sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð“.

Allsherjarnefnd sendi málið til umsagnar. Meðal þeirra, sem umsögn sendu, var Klemens Tryggvason hagstofustjóri, sem lagði til að það orðalag, sem væri í gildandi lögum, héldi sér en tillögu okkar flm. yrði bætt inn í málsgreinina. Um þetta varð allsherjarnefnd Nd. sammála og afgreiddi málið frá sér þannig, og flytja flm. frv. nú í þeirri mynd. Þegar málið kom til afgreiðslu í Ed. var komið að lokum þingstarfa og gífurlegt álag var á þingmönnum vegna mikilla anna. Svo fór að málið var afgreitt frá Ed. mikið breytt frá því sem Nd. hafði afgreitt það.

Í Ed. var tekið út úr frv. það ákvæði, sem flm. stefndu að með flutningi þess, en ákvæði sett í staðinn, sem verður að teljast óþarft vegna annarra ákvæða þessara sömu laga.

Þegar málið kom aftur til Nd. var því ekki vísað til nefndar, en afgreitt án athugasemda sem lög frá Alþingi. Báðir flm. voru þá staddir í opinberum erindagjörðum erlendis. Með frv. fylgdi eftirfarandi grg. er það var flutt á síðasta þingi:

„Síðustu misserin hefur umræða um úrbætur á margháttuðum vandamálum aldraðra verið ofarlega á baugi í fjölmiðlum.

Hafa einstakir þættir þessa vandamáls verið ræddir og komið fram tillögur um margar nútímalegar úrlausnir og einnig þær sem kalla mætti „plástra á neyðina“. Er þá átt við húsnæðismál aldraðra, sem tvímælalaust eru einn þýðingarmesti þáttur þessa vandamáls.

Á nokkrum stöðum hér á landi eru í undirbúningi eða þegar hafnar framkvæmdir, sem eiga að létta á mikilli þörf fyrir sérhannað húsnæði aldraðra og öryrkja og munu um leið létta á sókn í vistun á þau dvalar- og hjúkrunarheimili sem þegar starfa eða eru í byggingu.

Hér er um að ræða einstakar sérhannaðar íbúðir aldraðra og öryrkja, sambyggðar eða sérstæðar, sem fyrirhugað er að byggja í næsta nágrenni þjónustumiðstöðva aldraðra eða heilsugæslustöðvanna, en þær eiga einnig að gegna slíkri þjónustu, flestar fyrir fleiri en eitt sveitarfélag.

Þegar er ljóst, að fólk víðar að en úr því sveitarfélagi, sem slík stöð er staðsett í, vill eignast eða leigja slíkar íbúðir. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi, að fleiri sveitarfélög komi sér saman um og standi fyrir byggingu þeirra eða félagssamtök sem eiga sitt félagssvæði í mörgum sveitarfélögum.

Ef umtalsverður aðflutningur aldraðra af þessum sökum verður til eins sveitarfélags og þeir öðlast sveitfesti þar, má gera ráð fyrir auknum útgjöldum vegna þessa fólks, en litlum eða engum skatttekjum á móti.

Þótt enn séu engin bein búsetuhöft á öldruðu fólki og það geti keypt sér hús eða íbúð hvar sem er, aldursins vegna, eða flutt til barna sinna og öðlast sveitfesti af þessum ástæðum, er ljóst að lítið sveitarfélag getur orðið fyrir umtalsverðum fjárútlátum sé um hóp fólks að ræða.

Í lögum nr. 35/1960, um lögheimili, eru í 2. gr. ákvæði um hvar heimili manns skuli teljast.

Í sömu grein er einnig getið undantekninganna, en um þær segir: „Það telst eigi heimili,

þó að maður dveljist í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða heilsu-  
bótar“. — Samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til, svo framangreint vandamál komi ekki upp,  
að í stað „elliheimili eða annarri slíkri stofnun“ komi: „sérhönnuðum heimilum og íbúðum  
aldraðra og öryrkja byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslu-  
stöð“.